

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um upprunaábyrgðir á raforku.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvaða stórnotendur hér á landi kaupa upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum?
- Hversu stór hluti raforku sem notuð er við álframleiðslu hér á landi er vottaður með upprunaábyrgðum? Telur ráðuneytið það hlutfall réttlæta þá staðhæfingu á vef Samtaka álframleiðenda að á Íslandi sé eingöngu notuð endurnýjanleg orka við álframleiðslu?
- Hve mikill hefði kostnaður íslenskra álframleiðenda verið af því að votta framleiðslu sína með upprunaábyrgðum árið 2022, ef miðað er við meðalmarkaðsverð?
- Liggur fyrir mat á því hvaða áhrif það hafði á almenna neytendur að hætt var að láta upprunaábyrgðir fylgja sölu á raforku á heildsölumarkaði?

Skriflegt svar óskast.